

Úrskurður
úrskurðarnefndar fjarskipta-og póstmála
í máli nr. 5/2014.

Kæra Gagnaveitu Reykjavíkur á ákvörðun PFS nr. 32/2014

I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með kæru, dags. 22. desember 2014, hefur Gagnaveita Reykjavíkur ehf. (GR) kært ákvörðun Póst-og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 32/2014, dags. 1. desember 2014, um frágang á innanhússfjarskiptalögnum.

Í hinni kærðu ákvörðun var kveðið á um að frágangur á ljósleiðaralögn GR og samtenging hennar við innanhúslögn félli undir gildissvið reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. GR ber samkvæmt hinni kærðu ákvörðun að tengja strengenda ljósleiðaraheimtaugar við tengilista. Óheimilt sé að sjóða saman innanhúslögn við strengenda ljósleiðaraheimtaugar við inntak hennar. Loks var kveðið á um að GR bæri kostnað við úrbætur á frágangi strengenda ljósleiðaraheimtaugar að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum.

Undir rekstri málsins fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála krafðist Míla þess að fá aðilastöðu í málinu.

Af hálfu kæranda er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og aðild Mílu að málinu er mótmælt.

Hér verður aðeins úrskurðað um þann þátt málsins sem snýr að kröfu Mílu um aðild að málinu fyrir úrskurðarnefnd.

II. Helstu málsatvik

Mál þetta má rekja til kvörtunar Mílu til PFS vegna meintra brota kæranda á reglum PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Féllst PFS á að sá frágangur, svokölluð bræðisuða, sem kærandi hefði viðhaft við tengingu ljósleiðara bryti í bága við reglur PFS um innanhússfjarskiptalagnir.

III. Helstu sjónarmið Mílu, kæranda og PFS

1.

Með bréfi dags. 13. apríl 2015 krefst Míla þess að njóta aðilastöðu fyrir úrskurðarnefndinni. Hin kærða ákvörðun hafi verið tekin í tvíhliða ágreiningsmáli milli Mílu annars vegar og kæranda (GR) hins vegar. Af því leiði að hin kærða ákvörðun

beinist jöfnum höndum að Mílu og kæranda. Í slíku tvíhliða ágreiningsmáli standi almennar reglur stjórnsluréttar til þess að báðir aðilarnir njóti óskoraðrar aðildar að málinu á öllum stigum þess, þ.m.t. fyrir æðra stjórnvaldi sé málinu skotið þangað í heild eða að hluta og gildi þá einu hvor aðila á frumkvæði að málskotinu. Þá sé að mati Mílu ljóst að úrskurður í málinu muni beinast að fyrirtækinu, beint og óbeint, svo sem ef fallist yrði á sjónarmið kæranda. Hluti þeirra húsa sem tengd séu ljósleiðara á vegum Mílu séu staðsett á starfssvæði kæranda þar sem kærandi hafi tengst innanhússlögnum og frágangur húskassa sé að mati Mílu andstæður reglum PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir.

Viðskiptalegir hagsmunir Mílu séu verulega skertir vegna tenginga kæranda enda hamli það bæði aðgengi Mílu og valfrelsi notenda. Að sama skapi sé ljóst að fjárfesting Mílu í ljósleiðarakerfi nýtist ekki sem skyldi meðan ágreiningur aðila hafi ekki verið til lykta leiddur.

Míla hafi því beinna, verulegra, einstaklegra og lögvarða hagsmuni af því að láta fyrirbyggjandi kærur til sín taka, sem hafi hafist með kvörtun Mílu til PFS.

2.

Kærandi mótmælir með tölvupósti dags. 9. apríl 2015, því að Míla fái aðilastöðu í málinu og þar með aðgang að gögnum. Að mati kæranda hefði átt að liggja fyrir við upphaf máls hjá úrskurðanefnd hvort Míla væri aðili eða ekki og þá að frumkvæði nefndarinnar sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd.

Þannig hefði kærandi getað haft það í huga í tengslum við bréfaskriftir við nefndina enda séu í gögnum málsins viðkvæmar upplýsingar sem varði kæranda svo og mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni hans sem sanngjarnt og eðlilegt sé að leynt fari. Sé niðurstaða úrskurðarnefndar sú að veita Mílu aðilastöðu verði kærandi að fá tækifæri til að afmá viðkvæmar upplýsingar sem snerta hann úr gögnum málsins.

Að mati kæranda mun úrskurður um að veita Mílu aðilastöðu tefja enn frekar endanlegan úrskurð í málinu en tímafrestir þeir sem fram komi í 13. gr. reglugerðarinnar séu nú þegar liðnir.

3.

PFS telur að þar sem Míla sé sérfróður aðili um framkvæmd tenginga og frágang húskassa sé mikilvægt að Mílu verði gefin kostur á því að tjá sig um málatilbúnað kæranda, enda megí ætla að Míla hafi þó nokkurra hagsmuna að gæta.

IV. Niðurstöður

Í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 36/2009 kemur fram að málsmeðferð úrskurðarnefndar skuli vera í samræmi við ákvæði 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Umrætt ákvæði laganna fjallar almennt um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Einnig segir í reglugerðinni að um meðferð mála hjá nefndinni fari að öðru leyti eftir VII. og VIII. kafla stjórnarsýslulaga og reglugerðinni sjálfri. VII. og VIII. kafli stjórnarsýslulaga fjalla um stjórnarsýslukæru annars vegar og stjórnarsýslunefndir hins vegar.

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar og gefur nefndin þá málsaðilum, Póst- og fjarskiptastofnun og öðrum þeim sem nefndin telur beinna, verulegra og lögvarinnar hagsmuna hafa að gæta af niðurstöðu máls, kost á að tjá sig skriflega um efni kærunnar innan hæfilegs frests, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Óumdeilt er að kærandi (GR) er aðili máls en ákvæði stjórnarsýslulaga fá aðeins aðila máls þau réttindi sem lögin kveða á um. Aðili máls hefur t.a.m. rétt á að kynna sér gögn máls og tjá sig um þau áður en ákvörðun er tekin. Hugtakið aðili máls er ekki skilgreint í stjórnarsýslulögum. Hins vegar má sjá í greinagerð með frumvarpi til stjórnarsýslulaga að stuðst er við almenna skilgreiningu stjórnarsýsluréttarins. Aðilahugtakið ber að skýra rúmt og er þá ekki einungis átt við þá sem eiga beina aðild að máli heldur einnig þá sem eiga óbeina hagsmuni. Sé vafi á því hverjir séu aðilar máls er lagt mat á hagsmuni og tengsl viðkomandi við úrlausn málsins á grundvelli þess hvort viðkomandi eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta. Aðili máls á því beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta.

Liggur því fyrir að meta hvort hagsmunir Mílu séu þess eðlis að þeir uppfylli skilyrðin um aðilastöðu.

Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að Míla hafi kvartað til PFS vegna brots kæranda á reglum um innanhússfjarskiptalagnir. Umræddar reglur lúta m.a. að frágangi fjarskiptafyrirtækja sem bjóða gagnaflutning um ljósleiðara á slíkum lögnum, þ.e. með hvaða hætti innanhúslagnir skuli tengdar við heimtaugar fjarskiptafyrirtækja. Frágangur kæranda með bræðisuðu hefur að einhverju leyti torvelað aðgengi Mílu að innanhúslögnum en fyrirtækin eru keppinautar á þessum markaði. Í ljósi þess hefur Míla að mati úrskurðarnefndar beinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins.

Úrskurðarnefnd telur einnig að Míla kunni að hafa verulega hagsmuni af niðurstöðu málsins enda hefur Míla lagt í fjárfestingar og uppbyggingu ljósleiðarakerfis sem mögulega nýtist ekki sem skyldi meðan ágreiningur er um aðgang að innanhúslögnum.

Í ljósi þess að Míla og kærandi eru keppinautar í uppbyggingu ljósleiðarakerfis hefur Míla því að mati úrskurðarnefndar sérstakra hagsmuna að gæta í málinu.

Lögvarðir hagsmunir Mílu af því að fá aðild að málinu eru að mati úrskurðarnefndar skýrir enda gæti niðurstaða málsins haft bæði fjárhagsleg og rekstrarleg áhrif á félagið.

Að teknu tilliti til alls ofangreinds er það mat úrskurðarnefndar að Míla eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarðra hagsmuna að gæta við úrlausn úrskurðarnefndar á kæru GR á ákvörðun PFS nr. 32/2014 og teljist Míla því aðili þess máls.


Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2008 um Póst- og fjarskiptastofnun.

V. Úrskurðarorð


Míla skal teljast aðili að máli er varðar kæru Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. á ákvörðun PFS nr. 32/2014 til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 21. apríl 2015


Gunnar Þór Pétursson



Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir


Kirstín P. Flygenring